

Hvað á að koma fram í ferilskrá?

Hvað er ferilskrá?

- Þar segir þú í stuttu máli frá persónulegum upplýsingum, menntun, reynslu, hæfileikum og áhugamálum.
- Ferilskrá auðveldar þér að ganga frá umsókn í skóla/nám og starfsumsókn.
- Góð, nákvæm og uppfærð skrá sparar þér tíma og fyrirhöfn.

Upplýsingar sem þurfa að koma fram

- Persónulegar upplýsingar:
 - Nafn, kennitala, heimilisfang, sími og netfang.
 - Nýleg mynd.
- Upplýsingar um menntun:
 - Heiti skóla og útskriftarár – námsárangur, mætingar.
 - Nám fyrir utan grunnskóla, s.s. áfangar í framhaldsskóla, tónlistanámi, myndlistarnámi eða söngnámi.
 - Ýmis námskeið sem þú hefur sótt.
 - Styrkleikar, s.s. tölvukunnátta og tungumálafærni.
 - Markmið í námi – hvert stefnir þú?
- Starfsreynsla:
 - Sumarvinna – gefa upp nafn vinnustaðar og vinnuveitanda
 - Vinna með skóla– gefa upp nafn vinnustaðar og vinnuveitanda
- Íþróttir og tómstundastarf:
 - Telja upp það sem þú tekur þátt í.
- Helstu áhugamál:
- Meðmælendur:
 - Muna að fá leyfi hjá þeim áður en þú gefur þá upp.
 - Hér er gott að hafa t.d. umsjónarkennara, þjálfara eða vinnuveitanda.

Ferilskrá þarf að uppfylla nokkur skilyrði

- Hún þarf að vera vel uppsett.
- Hnitmiðuð – ekki of löng.
- Mikilvægt að vanda málfar og forðast innsláttar- og stafsetningarvillur.
- Varast að ýkja eða gera of mikið úr færni þinni og þekkingu.
- Ferilskráin þarf helst að vera unnin í tölvu.
- Mundu að vista hana og uppfæra reglulega.